



Meginreglur Hill's

Hill's vill stuðla að því að bæta og lengja hið einstaka samband sem ríkir á milli gæludýra og eigenda þeirra. Í yfir 60 ár hefur Hill's stöðugt kappkostað að ná því marki með því að fjárfesta í:

- **Almennri fræðslu um fódur gæludýra**
- **Tækninýjungum við fódurframleiðslu**
- **Fagkunnáttu dýralækna og næringarfræðinga**

Þetta skilar okkur leiðandi nýjungum innan gæludýrafóðurgeirans sem og sífelldum endurbótum á Hill's gæludýrafóðurlínunni.

Staðlaðar uppskriftir

Hill's framleiðir hverja vörutegund með staðlaðri uppskrift til að tryggja að gæludýrið fái sama hlutfall innihalds- og næringarefna í hvert sinn.

Komist hjá óhófi

Sum innihaldsefni, eins og t.d. salt og fita, sem notuð eru til að auka bragðgæði geta leitt til kvilla eins og of háa blóðþrýstings og ofþyngdar þegar þau eru gefin í miklu magni. Hill's hefur þetta í huga og stýrir magni slíkra efna þar sem við á.

Mikið fyrir peninginn

Hver skammtur Hill's gæludýrafóðurs er auðmeltanlegur og ríkur af orku. Þannig þarf að gefa minna af því. Þetta dregur úr fódurkostnaði gæludýranna á Hill's fódri ásamt því að minnka umfang saurs.

Hill's hefur að leiðarljósi að nota einungis **hráefni af bestu gerð** og sýnir það með því að tryggja að vörur þess innihaldi

- **engin erfðabreytt innihaldsefni**
- **engin tilbúin bragð-, litar- eða rotvarnarefni**

Sem rotvarnarefni í þurrfóðri nýtir Hill's sér blöndu náttúrulegra fæðuandoxunarefna (blandað tókóferól, sítrónusýra og rósmarínþykkni). Þar sem dósamaturinn kemst aðeins í samband við loft í stuttan tíma áður en hann er étinn, þarf ekki sérstaklega að bæta fæðuandoxunarefnum í hann.

Tveir aðrir eftirtektarverðir eiginleikar Hill's fódurs,

- **áhrifaríkt magn samvirkra, líffræðilegra andoxunarefna í Hill's Superior Antioxidant Formula (vítamín E og C, β-karoten og selen) og**
- **frábær bragðgæði**

gefa verðmætan ávinning og leggja einnig lóð á vogarskálar heilbrigðrar og farsællar ævi gæludýrsins.

